

Kosningakæra

Kærandi: Þorbergur Þórsson, kt. [REDACTED] kjósandi í Reykjavík suður.

Móttakendur: Alþingi skv. 46. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 og 120. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og

Dómsmálaráðuneytið skv. 118. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.

Kærandi krefst þess að þingkosningar sem fram fóru í Norðvesturkjördæmi þann 25. september 2021 verði úrskurðaðar ógildar. Þá krefst kærandi þess að efnt verði til kosninga skv. ákvæðum XXII. kafla og 115. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.

Kærandi telur að það sé lagaleg, siðferðileg og pólitísk skylda Alþingis að úrskurða síðustu kosningar ógildar og efna til nýrra þingkosninga svo fljótt sem auðið er. Kærandi telur það lýðræðislega skyldu að tjá hug sinn um þetta efni og kæra kosninguna og rökstyðja kærana svo vel sem honum er unnt í þeirri von að kæran gagnist Alþingi við að taka ákvörðun í málinu.

I. Ágrip kröfugerðar

Krafan er reist á eftirfarandi:

1. Kosningar þurfa að fara fram að einu og öllu í samræmi við lög. Fyrir því eru bæði almenn rök sem lúta að starfsemi hins opinbera í réttarríki og rök sem lúta sérstaklega að tilgangi kosninga og hlutverki í samfélaginu. Ísland hefur talist til lýðræðisríkja og vilji löggjafarsamkoman að íslenska ríkið haldi þeirri stöðu, sem stjórnarskrá kveður á um, ber henni að varðveita og efla lýðræðislegar hefðir í landinu. Alþingi hefur lagalegar, siðferðilegar og pólitískar skyldur að þessu leyti.
2. Kosningar hafa það hlutverk að fela kjósendum afmarkað vald á kosningadag. Þetta vald má kalla almannaþing. Almannaþingin er falið að velja milli ólíkra framboðslista í kosningum á kosningadag. Til þess að almannaþingin fái til fulls þetta afmarkaða vald sem lögin fela honum þarf kosningin að fara fram samkvæmt lögum, eða að minnsta kosti mega hugsanleg frávik frá lögum ekki koma í veg fyrir að niðurstaða kosninganna endurspegli almannaþingina. Frávik mega ekki heldur valda því að upplýstur almenningsur missi tiltrú á niðurstöðu kosninganna. Þess vegna þarf framkvæmd kosninga að vera traust og trúverðug. Að mati kæranda má sjá hverjir eru handhafar almannaþingarinnar ef svo má segja af a) jafnréttisráði Stjórnarskrárinnar í 65. grein hennar og b) skilgreiningu Stjórnarskrárinnar í 33. grein hennar á því hverjir njóti kosningaréttar. Þessi almannaþing hefur svigrúm til að láta til sín taka þegar kosningar eru haldnar, skv. nánari útfærslu í kosningalögum. Almannaþingin kemur því aðeins fram að öllum ríkisborgurum landsins sem kosningarétt hafa gefist sanngjarnt færi, samkvæmt ákvæðum gildandi laga, til að kjósa. Skýring þessara gagna felur enn fremur í sér að í kosningum verði að telja atkvæði allra kjósenda og engra annarra en þeirra, þá verði að telja atkvæðin rétt og úthluta þingsætum í samræmi við hina réttu niðurstöðu.
3. Framkvæmd kosninga þarf að vera hafin yfir vafa. Sé framkvæmd kosninga með svo veigamiklum ágöllum að upplýstur almenningsur fyllist skynsamlegum efasemdum um að réttir menn hafi verið kosnir á þing, eða geti jafnvel ekki útilokað kosningasvindl, eru þeir gallar til þess fallnir að ógilda beri kosningarnar, enda kveða kosningalög á um að slíkt skuli gert. Almannaþingin, studdur lagalegum, siðferðilegum og pólitískum rökum, hlýtur að krefjast þess að niðurstaða kosninga sé ótvíð og enginn efi komist þar að. Í því sambandi nægir að nefna að í lýðræðisríkjum er nauðsynlegt að varðveita tiltrú almennings á kosningakerfum og lögum en

grafa ekki undan henni með ógætilegri framkvæmd, sem myndi grafa undan gildi ákvarðana Alþingis og sjálfu réttarríkinu um leið.

4. Nú er ógilding þingkosninga stórmál. Því er ekki ástæða til að ógilda þingkosningar nema gallar á kosningunum hafi verið veigamiklir og til þess fallnir að breyta niðurstöðum þeirra. Því er í sumum tilvikum rétt að láta niðurstöður gallaðra kosninga standa, enda sé þá útilokað að gallarnir hafi haft áhrif á niðurstöðuna.

5. Framkvæmd kosninga í Norðvesturkjördæmi var gölluð og fór ekki fram í samræmi við lög. Kosningarnar voru það gallaðar að ekki fékkst ótvíræð niðurstaða. Niðurstaða þar hlýtur raunar að teljast ókunn. Þá höfðu gallar á framkvæmd kosninganna veruleg áhrif á landsvísu.

6. Nánar tiltekið höfðu gallar á kosningunni og atkvæðatalningunni það í för með sér að kosning fimm þingmanna í fimm kjördæmum er verulegri óvissu háð, því að svo virtist sem aðrir menn hefðu verið kosnir í þau þingsæti þegar endanlegar tölur voru gefnar út að morgni dags eftir kosningadag. En síðdegis sama dag, eftir að kosningalög höfðu verið brotin og eftir að atkvæði voru talin upp á nýtt voru tilkynntar nýjar tölur. Þessar nýju tölur voru eins og hinar fyrri tilkynntar sem hinar endanlegu tölur. Þá voru aðrir fimm menn taldir hafa fengið kosningu í stað hinna fimm.

7. Þessar breytingar eru veigamiklar og verulegar eins og nánar verður rakið í kærinni. Framkvæmd talningar var því miður með þeim hætti að hvorki verður byggt á fyrri tölum né síðari tölum og ekki verður betur séð en að hvorki Alþingi né nokkur annar geti vitað með vissu hvernig atkvæði féllu í Norðvesturkjördæmi.

8. Því er rétt að Alþingi ógildi kosningarnar og efni til þingkosninga svo fljótt sem verða má í samræmi við ákvæði XXII. kafla og 115. gr. kosningalaga.

9. Verða nú málsatvik og rök rakin nánar. Vegna þess hve erfitt þetta mál er viðureignar verður í rökstuðningi athyglinni einkum beint að þeirri lágmarkskröfu að Alþingi úrskurði kjörbréf fimm jöfnuarmanna ógild og nauðsynlegum uppkosningum í kjölfarið á því. Þá verður fjallað þá möguleika sem helst eru fyrir hendi að mati kæranda. Úrskurði Alþingi kjörbréf jöfnuarpingmannanna fimm ógild verður nauðsynlegt að halda að minnsta kosti kosningu til Alþingis í Norðvesturkjördæmi. Þá verður einnig leitast við að færa rök fyrir því að rétt sé að Alþingi beiti sér fyrir að haldnar verði almennar þingkosningar með atbeina forseta lýðveldisins, sbr. 24. gr. stjórnatskrátinnar, en þau rök eru færð fram á grundvelli sjónarmiða um jafnan atkvæðisrétt, sanngirni og réttlæti. Þó að kæranda virðist heppilegast frá lýðræðislegu sjónarmiði að Alþingi grípi til þess úrræðis að hlutast til um að haldnar verði hér almennar þingkosningar, er samt ekki gerð krafa um slíkt hér.

II. Misfellur og gallar á talningu atkvæða

10. Talning atkvæða í Borgarnesi fór ekki fram í fullu samræmi við kosningalög. Hér nægir að benda á að eftir að lokatölur voru kynntar í Borgarnesi var ekki gengið frá atkvæðaseðlum og kjörgögnum í samræmi við lög og þau innsigluð og sett í örugga geymslu. Þess í stað yfirgaf kjörstjórn og talningarfólk talningarsalinn með atkvæðaseðla ófrágengna og óinnsiglaða á talningarborðum.

11. Talningarsal var ekki tryggilega læst og hann ekki innsiglaður. Eftir að talningarfólk og kjörstjórn var farið á brott áttu sér stað óútskýrðar mannaferðir um salinn. Ekki verður séð að þetta samrýmist kröfum í kosningalögum um varðveislu kjörgagna.

12. Undir hádegi daginn eftir kjördag var formaður yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi staddur einsamall á talningarstað. Hann dvaldi þar í óljósum erindum einsamall í um það bil

hálf tíma. Um svipað leyti mun formaður landskjörstjórnar hafa hringt í hann og þeir ráðgast saman um hugsanlega endurtalningu. Eftir það fór fleira fólk að tínast í salinn. Ekki verður séð að það samrýmist ákvæðum kosningalaga, að einstaklingur geti verið í einrúmi með óinnsigliðum og óvörðum atkvæðaseðlum þegar úrslit kosninga eru óráðin og talning á eftir að fara fram. En einmitt svona háttaði til í talningarsalnum í Borgarnesi eftir að fyrri talningu var lokið og allt þangað til fleira kjörstjórnarfólk fór að tínast í talningarsalinn og talningarfólk tók að telja þar atkvæði upp á nýtt.

13. Um leið og hafist var handa í Borgarnesi við að telja atkvæðin aftur, blasti við að þar yrðu talin atkvæði sem ekki höfðu verið varðveitt með fullnægjandi hætti frá því atkvæðin voru greidd og þangað til þau yrðu talin.

14. Þessi atburðarás fór ekki fram í samræmi við ákvæði kosningalaga. Framkvæmdin var ótrygg og gölluð, að minnsta kosti frá því fyrri tölur voru tilkynntar og þangað til hinar síðari voru tilkynntar. Um atburðarásina vísast til bréfs lögreglunnar á Vesturlandi til Alþingis, dags. 15. október sl. en um lagalegar hlíðar málsins að öðru leyti til kosningalaga.

III. Framkvæmd kosninga þarf að vera hafin yfir vafa til að almannaviljinn nái fram að ganga

15. Í lýðræðissamfélögum er jafnan lögð mikil áhersla á vandaða umgjörð um kosningar. Um kosningar gilda sérstök lög hér á landi sem hafa þann megintilgang að tryggja vönduð vinnubrögð við framkvæmd þeirra og koma eins vel og mögulegt er í veg fyrir hugsanlegt kosningasvindl. Í þeim er einnig kveðið á um aðgerðir til að tryggja að kosningar fari þannig fram að það styrki og efla traust upplýsts almennings á niðurstöðum þeirra, sbr. ákvæði 98. gr. kosningalaga um að talning fari fram fyrir opnum dyrum og umboðsmenn séu viðstaddir talningu. Kosningalögin snúast í heild sinni um að tryggja að kosningar fari svo vel fram að enginn vafi geti leikið á um að niðurstaða þeirra endurspegli almannaviljann rétt. Ástæðan er auðsæ. Fari kosningar þannig fram að engum sem til þekki verði kleift að treysta niðurstöðum þeirra verða þær sjálfkrafa ómarktækar og grafa þannig undan lýðræðinu í landinu.

16. Þegar efnt er til kosninga og kjósendur fara á kjörstað til að láta í sameiningu almannaviljann í ljós, er það ófrávikjanleg krafa, að rétt sé talið og að unnt verði að treysta kosningunni. Sjálf athöfnin, að efna til kosninga til að kjósa um mikilvæg mál fyrir samfélagið, felur í sér kröfu um að allt verði rétt gert og á þann hátt að niðurstöðunni verði sjálfkrafa treyst. Hírðuleysisleg framkvæmd kosninga sem hunsar þessa kröfu hunsar um leið almannaviljann og lítilsvirðir hann.

IV. Niðurstaða kosninga þarf að vera ótvíræð til að almannaviljinn nái fram að ganga

17. Þingkosningar eru haldnar til að kjósendur geti tekið ákvörðun um hvaða einstaklingar og flokkar eigi að sinna löggjafarstarfi í landinu. Kosningar eru þannig sameiginleg ákvörðun kjósenda. Ákvarðanir hljóta eðli málsins samkvæmt að vera ótvíræðar. Þegar ákvörðun hefur verið tekin, liggja næstu skref fyrir.

18. Kosningar sem leiða til ágreinings meðal kjósenda um hvort niðurstaðan hafi verið A eða B hafa ekki tekist, enda er tilgangur kosninganna að taka ákvörðun um hver niðurstaðan eigi að vera, en ekki að blása nýju lífi í umræður um hver niðurstaðan ætti helst að vera. Séu kosningar haldnar þeim annmörkum, að aldrei verði vitað hver niðurstaða þeirra varð hljóta þær að hafa

mistekist í grundvallaratriðum. Hér breytir engu þó að Alþingi eða dómstóll kveði upp úr um ágreiningsefnið eftir á. Hafi framkvæmd kosningar verið vafasöm og niðurstaðan verið tvíræð, óljós eða vafasöm hefur mistekist að leiða almannaviljann í ljós með kosningunni. Ákvarðanir stjórnvalda eða Alþingis um að velja einn frambjóðanda fram yfir annan, til dæmis á þeirri forsendu að hann hafi talist kosinn samkvæmt fyrri talningu eða ef til vill samkvæmt síðari talningu, geta ekki komið í stað þess að kosning fari vel fram og almannaviljinn birtist réttilega.

V. Framkvæmd kosninga í NV kjördæmi var ekki hafin yfir vafa

19. Talning atkvæða í Norðvesturkjördæmi misfórst í síðustu kosningum. Þar komu fram tvær ólíkar niðurstöður um atkvæðafjölda eftir vafasama vörslu atkvæðanna milli fyrri og síðari talningar. Niðurstöður talninganna tveggja voru:

	Fyrri talning Atkvæðafjöldi	Síðari talning Atkvæðafjöldi	Mismunur	Niðurstaða úr réttari talningu
Framsókn	4,443	4,448	5	?
Viðreisn	1,072	1,063	(9)	?
Sjálfstæðisflokkur	3,887	3,897	10	?
Flokkur fólksins	1,513	1,510	(3)	?
Sósíalístaflokkur	721	728	7	?
Miðflokkur	1,283	1,278	(5)	?
Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn	72	73	1	?
Píratar	1,082	1,081	(1)	?
Samfylking	1,196	1,195	(1)	?
Vinstri hreyf. Grænt framboð	1,979	1,978	(1)	?
Auðir seðlar	394	382	(12)	?
Ógildir	24	35	11	?
Samtals	17,666	17,668	2	?

20. Ekki hafa komið fram haldbærar skýringar á því, hvernig auðum seðlum gat fækkað svo mjög. Hitt er augljóst að það er einfalt að breyta auðum seðli í atkvæði fyrir tiltekinn flokk með blýanti. Eftir slíka aðgerð er auði seðillinn ekki lengur auður. Þá er einfalt að breyta gildum atkvæðaseðli í ógildan með sömu aðferð. Slíkt tekur ekki langan tíma. Ekki er vitað til að slíkar aðgerðir hafi verið unnar á atkvæðaseðlum sunnudaginn 26. október sl. í Borgarnesi og vel rökstuddar grunsemdir um slíkt hafa ekki verið viðráðar opinberlega svo kærandi viti til. Ekkert verður því staðhæft hér um ástæður þessa misræmis.

21. Hinar ólíku niðurstöður talninganna gera það að verkum að hvorugri er unnt að treysta. Yfirkjörstjórn lýsti því yfir að fyrri tölurnar væru rangar. En seinni tölurnar eru vafasamar, þó ekki væri nema fyrir þá staðreynd, að varsla kjörgagna var ófullnægjandi milli talninga. Því eru seinni tölurnar að minnsta kosti ógildar. Við þetta bætast mildar breytingar á tölunum, sem ekki geta vakið traust á vinnubrögðunum. Verður því að líta svo á að niðurstöður kosninganna í Norðvesturkjördæmi séu ókunnar.

VI. Misfellur í framkvæmd kosninganna höfðu áhrif á úrslit þeirra

22. Í fimm kjördæmum af sex í landinu breyttist samsetning þingmanna í þessum talningum. Í sumum tilvikum varð breytingin þannig, að eini þingmaður tiltekins stjórn málafllokks hvarf af

þingi fyrir viðkomandi kjördæmi og í öðrum tilvikum kom eini þingmaður tiltekins stjórnmalaflokks inn á þing fyrir viðkomandi kjördæmi. Það er augljóst að það skiptir verulegu máli fyrir stjórnmalastarf almennings hvort stjórnmalaflokkarnir eigi þingmenn í viðkomandi kjördæmum eða ekki.

23. Af þeim þingmönnum sem virtust fá þingsæti við fyrri talningu á landsvísu, hurfu fimm af þingi við seinni talninguna í Borgarnesi, eða um einn af hverjum tólf til þrettán þingmannsefnum sem kölluð voru á þing með talningunni um morguninn. Seinni talningin í Borgarnesi fjarlægði því einn af hverjum tólf til þrettán þingmannsefnum á landsvísu, og kallaði í staðinn jafn marga menn inn á þing í fimm af sex kjördæmum á landinu.

24. Eins og blasir við, höfðu misfellurnar veruleg áhrif á landsvísu. Hér má sjá eitt sjónarhorn á þessi áhrif á einfaldri töflu:

Fyrri talning í NV			Síðari talning í NV		
Reykjavík S	Rósa Björk Brynjólfsdóttir	Samfylking	⇒	Orri Páll Jóhannsson	Vg
Reykjavík N	Lenya Rut Karím	Pirati	⇒	Jóhann Páll Jóhannsson	Samfylking
Suður	Hölmfriður Árnadóttir	Vg	⇒	Guðbrandur Einarsson	Viðreisn
Suðvestur	Karl Gauti Hjaltason	Miðflokkur	⇒	Gísli Rafn Ólafsson	Pirati
Norðvestur	Guðmundur Gunnarsson	Viðreisn	⇒	Bergþór Ólason	Miðflokkur

25. Efist Alþingi um að það felist í því umtalsverð eða veruleg áhrif, að jöfnunarþingmenn færast á milli kjördæma, má benda þinginu á aðra staðreynd. Þó að auðvitað séu engar kröfur gerðar til kjósenda um að tryggja jafna stöðu kynjanna á Alþingi, hefur Alþingi lagt áherslu á nauðsyn þess að jafna stöðu kynjanna með ýmissi lagasetningu. Þess vegna virðist erfitt að halda því fram að misfellur á framkvæmd kosninga sem valda því að óvissa er um hvor niðurstaðan sé gild, A eða B, séu misfellur sem hafi ekki haft umtalsverð áhrif:

A:

Konur í meirihluta

(í fyrsta sinn).

B:

Karlar í meirihluta

(eins og alltaf hingað til).

26. Öll sú áhersla sem lögð er á jafna stöðu kynjanna samkvæmt íslenskum lögum bendir til þess að Alþingi hljóti að líta svo á að breyting á kynjahlutfallinu á Alþingi sé að minnsta kosti ekki alveg smávægilegt atriði, enda ógildir seinni talningin að segja má fyrsta stóra kosningasigur kvenna í landinu og kemur í veg fyrir að konur fái í fyrsta sinn í sögunni meirihluta á Alþingi.

VII. Uppkosning er nauðsynleg, sbr. 120. og 121. gr. kosningalaga

27. Alþingi hlýtur að líta til kosningalaga við lausn hins mikla vanda sem löggjafarsamkoman stendur nú frammi fyrir. Þar má að mati kæranda finna leiðsögn í 120. og 121. grein laganna. Rétt er að taka fram að kærandi hefur ekki haft ráðrúm til að finna skýringar með ákvæðunum, en greinarnar munu vera samhljóða sams konar greinum í kosningalögum nr. 80/1987 sem núgildandi lög tóku við af og þær aftur samhljóða sams konar greinum í undanfarandi lögum nr. 52/1959. Kærandi telur rétt að skilja orðin „galli“ (flt. gallar) og „misfella“ (flt. misfellur) í þriðju mgr. 120. gr. sem samheiti, sbr. orðskýringar í Íslenskrí orðabók. Lagagreinarnar kveða á um að berist Alþingi kæra um að nýkosinn þingmaður sé ólöglega kosinn, felli Alþingi úrskurð um gildi kosningarinnar samkvæmt þingsköpum. Enn fremur að sé galli á kosningu þingmanns sem hafi

áhrif á úrslit kosningarinnar úrskurði Alþingi kosninguna ógilda. Þá skuli fara fram uppkosning hafi Alþingi úrskurðað kosningu heils lista í kjördæmi ógilda.

28. Komist Alþingi að þeirri niðurstöðu að amk. fimm jöfnunarmenn séu ólöglega kosnir, sbr. 1. mgr. 120. gr. blasir við að hin ólöglega kosning hefur áhrif á úrslit kosninganna í amk. fimm kjördæmum. Áhrifin birtast ekki með sama hætti í öllum kjördæmum, heldur á tiltekinn hátt í Norðvesturkjördæmi. Þá birtast áhrifin á annan hátt í hinum kjördæmunum fjórum.

29. Í Norðvesturkjördæmi eru áhrifin þau að heill stjórn mála flokkur fellur út af þingi (C listi) og annar stjórn mála flokkur fer inn á þing í sama kjördæmi (M listi). Ekki verður betur séð en að um leið og Alþingi úrskurðar hina fimm jöfnunarfingmenn ólöglega kosna, hafi kosning heils lista í Norðvesturkjördæmi verið úrskurðuð ógild, enda felur ógilding kosningar jöfnunarmannanna fimm í sér að jöfnunarmaður í þessu kjördæmi fellur út af þingi og þar með falla allir þingmenn viðkomandi stjórn mála flokks í kjördæminu út af þingi. Þar með ber að halda uppkosningu í þessu kjördæmi skv. einföldu orðalagi 121. greinar.

30. Í Suðurkjördæmi eru áhrifin eins og í Norðvesturkjördæmi. Heill stjórn mála flokkur fellur út af þingi (V listi) og annar stjórn mála flokkur fer inn á þing í sama kjördæmi (C listi). Í Suðvesturkjördæmi átti sér það stað að heill stjórn mála flokkur féll af þingi við seinni talningu (M listi), en afleiðingin varð sú að annar stjórn mála flokkur (P listi) bætti þar við sig manni, en nýr flokkur kom ekki inn. Í Reykjavíkukjördæmunum missir einn flokkur heilan þingmann í hvoru kjördæmi fyrir sig (RN: P, RS: S) og annar flokkur bætir þar við sig manni (RN: S, RS: V). Í engu þessara tilvika öðru en Suðvesturkjördæmi er um eina þingmann fyrir viðkomandi flokk að ræða.

31. Hér hafa verið færð rök fyrir því að misfellur á kosningum í Norðvesturkjördæmi valdi því að nauðsynlegt sé að halda uppkosningu í því kjördæmi. Misfellurnar höfðu samstundis mikil áhrif í fjórum öðrum kjördæmum. En um kosningu jöfnunarmanna gildir 113. gr. kosningalaga, sem kveður einfaldlega á um að eftir uppkosningu í einu kjördæmi úthluti landskjörstjórn jöfnunarsætum að nýju.

VIII. Uppkosning í einu kjördæmi er þó vart fullnægjandi lausn

32. Komist Alþingi að þeirri niðurstöðu að ógilda beri kosninguna eins og kærandi telur rétt að þingið geri, stendur það frammi fyrir spurningunni hvort ógilda beri kosningarnar einungis í Norðvesturkjördæmi, eða hvort önnur lausn á þessum vanda væri betri. Nú er þingrof ekki á forræði Alþingis, en þingið kynni þó að yfirvega hvort besta lausn málsins fælist í almennum þingkosningum í framhaldi.

33. Verði uppkosningar aðeins haldnar í Norðvesturkjördæmi snýst málið ekki lengur um hina fimm jöfnunarfingmenn sem seinni tölur í kjördæminu gáfu til kynna, eða þá fimm sem fyrri tölur gáfu til kynna að yrðu kosnir. Við uppkosningar í Norðvesturkjördæmi einu yrði kosið þar um sjö kjördæmakjörna þingmenn í því kjördæmi en auk þess um níu jöfnunarfingmenn í öllum kjördæmum landsins á grundvelli 113. gr. kosningalaga. Þó að óvíst sé hvort uppkosning í Norðvesturkjördæmi myndi haggja við öllum jöfnunarmönnum á þingi, er ljóst að uppkosning í því kjördæmi einu og sér setur úrslit síðustu þingkosninga í uppnám. Verði kosið í Norðvesturkjördæmi einu kjósa kjósendur þar um átta þingmenn í sínu eigin kjördæmi, en auk þess, með óbeinni hætti, um átta þingmenn á landsvísu.

34. Slík kosning færi fram við þær aðstæður að kjósendur í Norðvesturkjördæmi hefðu nákvæmar upplýsingar um hvernig niðurstöður kosninga voru í öllum öðrum kjördæmum. Í þessu sambandi má minna á að Norðvesturkjördæmi er fámennasta kjördæmi landsins og það

kjördæmi þar sem flestir þingmenn eru að tiltölu, eða rúmlega tvöfalt fleiri að tiltölu heldur en í fjölmennasta kjördæmi landsins, Suðvesturkjördæmi, svo dæmi sé tekið. Ekki fer hjá því að kjósendur í Norðvesturkjördæmi sem hefðu svo einstaka aðstöðu myndu hugleiða þá stöðu og ef til vill haga atkvæðum sínum í samræmi við það. Þessum tiltölulega fámenna kjósendahópi væri færð sérstök völd umfram hinn sérlega þungvæga atkvæðastyrk sem kjósendahópurinn hefur nú þegar. Frá sjónarmiðum um lýðræði og jafnan borgaralegan rétt kjósenda í landinu hlýtur slíkt að teljast ótækt.

IX. Stutt samantekt og kröfugerð

35. Talning atkvæða í Borgarnesi fór ekki fram í samræmi við lög. Talning var framkvæmd þar tvisvar. Síðari talningin varpar skugga á þá fyrri, en fyrri talningin ásamt hinni ólöglegu vörsluaðferð kosningagagnanna varpar stórum skugga á hina síðari. Misfellur á framkvæmdinni valda því að úrslit kosninganna þar hljóta að teljast ókunn. Þá yrði endurtalning ekki trúverðugri en þær tölur sem yfirkjörstjórn í kjördæminu kynnti um morguninn eða þær sem hún kynnti síðdegis. Misfellurnar höfðu veigamikil áhrif á úrslit kosninganna í fimm kjördæmum af sex, eða á landsvísu, eins og hér hefur verið rakið. Því verður ekki komist hjá því að halda uppkosningu í samræmi við 120. og 121. gr. kosningalaga.

36. Vegna þess að uppkosning hefði áhrif á landinu öllu telur kærandi æskilegast að þingkosningar fari fram á landsvísu. Slíkt þyrfti að gerast með atbeina forseta lýðveldisins. En þótt sú lausn sé að ýmsu leyti æskilegust frá lýðræðislegu sjónarmiði, styðst hún að mati kæranda ekki við slík lagarök, að beinlínis sé unnt að krefjast hennar. Kærandi leggur því fram eftirfarandi kröfu:

Kærandi krefst þess að þingkosningar sem fram fóru í Norðvesturkjördæmi þann 25. september 2021 verði úrskurðaðar ógildar og að efnt verði til kosninga skv. ákvæðum XXII. kafla og 115. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.

Reykjavík, 25. október 2021.



Þorbergur Þórhákursson

